



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 2. ágúst 2019

USK2019030041

5.29

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð - Ráðhús Reykjavíkur

Sendandi: Umhverfis- og skipulagssvið

Fjöldi hjólastæða - umsögn um fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins - R19030159

Neðangreind fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins var send umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.

"Hversu mörg hjólastæði eru í borginni við götur og í bílakjöllurum á vegum borgarinnar?"

Ekki liggja fyrir upplýsingar um heildarfjölda hjólastæða í borginni við götur og í bílakjöllurum. Í borgarvefsjá er hægt að sjá staðsetningu hjólastæða í miðborginni og fjölda stæða á hverjum stað. Síðustu ár hefur áttak verið gert í að fjölga hjólastæðum við grunnskóla, frístundaheimili og sundlaugar borgarinnar auk þess sem stæðum í miðborginni hefur fjölgað. Áfram er unnið að fjölgun þeirra.

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er sett fram stefna um að við grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla verði hjólastæði fyrir a.m.k. 20% nemenda og starfsmanna. Liður í framfylgd Hjólreiðaáætlunar 2015-2020 hefur verið að fjölga stæðum við grunnskóla. Síðan 2015 hafa verið sett upp um 1.800 hjólastæði við grunnskóla borgarinnar. Fimm skólar í borginni uppfylltu 20% markmiðið árið 2015 en þeir voru orðnir 18 (af 37) haustið 2018.

Þorsteinn R. Hermannsson
Samgöngustjóri